

REGLUGERÐ**um bann við veiðum í þorskfisknet fyrir Suður- og Vesturlandi.**

1. gr.

Frá kl. 12 á hádegi 30. apríl 1980 til og með 20. maí 1980, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Eystrahorni og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. apríl 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.